

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

REKSTRARÁRIÐ 2022

Góðir stjórnarhættir Arctica Finance hf. (Arctica) leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, stjórnarmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun félagsins. Á hverju ári gerir Arctica úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir Arctica á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

1 Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem Arctica fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ber stjórn Arctica ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag félagsins stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn þess, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ber stjórninni ennfremur a.m.k. árlega að endurmeta stjórnarhætti félagsins og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á. Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, skal Arctica fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og í því skyni m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum og starfskjarastefnu á vefsíðu sinni.

Arctica fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út, en nýjasta útgáfa þeirra tók gildi í júlí 2021 (leiðbeiningarnar). Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðunni leidbeiningar.is. Þessi stjórnarháttayfirlýsing fylgir þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

2 Frávik frá leiðbeiningunum

Arctica víkur frá ákvæði greinar 1.1.2 í leiðbeiningunum um að ákveða og upplýsa um tímasetningu aðalfundar og auglýsingu hans. Þá víkur Arctica frá ákvæðum greinar 1.1.6 um birtingu upplýsinga um framboð til stjórnar á vefsíðu félagsins. Ástæðan er samsetning hluthafa Arctica og hversu fáir eigendur eru að félaginu.

Arctica víkur einnig frá ákvæðum greinar 1.4 í leiðbeiningunum, um skipun tilnefningarnefndar eða ákvörðun um hvernig hún skuli skipuð, og ákvæðum greinar 5.4, um skipun starfskjaranefndar. Ekki þykir ástæða til þess að skipa í þessar nefndir í ljósi þess hversu fáir hluthafar eru og því hvernig samsetningu hluthafa er háttað, auk þess sem að Arctica telst ekki vera kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki, sbr. grein 53. í lögum nr. 161/2002.

Arctica víkur frá ákvæði 2.9.2 að því leyti að Arctica hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika, en hefur þess í stað sett sér jafnréttisstefnu sem er hluti af stefnu félagsins um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Arctica víkur einnig frá ákvæði 2.10 að því leyti að félagið hefur ekki sett sérstakar reglur eða ferla um samskipti við hluthafa, en það helgast aðallega af samsetningu hluthafa félagsins.

Arctica víkur frá ákvæði 5.3 um skipun endurskoðunarnefndar, enda fellur Arctica ekki undir skilgreiningu laga um að vera eining tengdri almannahagsmunum.

Að mati Arctica er ekki ástæða til að grípa til aðgerða til að vega upp á móti frávikum.

3 Aðrar reglur og viðmið

Fjármálafyrirtækjum líkt og Arctica ber að fara eftir margvíslegum lögum og reglum, t.d. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, hlutafélagalög nr. 2/1995, lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og ýmis leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“) eða aðrar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar sem FME vísar til, s.s. viðmiðunarreglur evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA). Nánari útlitun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu FME, www.fme.is.

Félagið hefur starfsleyfi frá FME til að starfa sem verðbréfafyrirtæki. FME hefur jafnframt eftirlit með starfsemi félagsins eins og lög gera ráð fyrir.

4 Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn Arctica ber ábyrgð á að fyrir hendi sé virk áhættustjórnun og innra eftirlit. Slíkt tryggir Arctica þó hvorki algerlega gegn rangri upplýsingagjöf né mögulegu tapi, enda ávallt einhver áhætta sem felst í starfsemi félagsins. Lögð er áhersla á að greina helstu áhættuþætti í rekstri Arctica og að innleiddar séu eftirlitsaðgerðir til að stjórna áhættu. Tilgangur innra eftirlits er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi afkomu, áhættuvilja og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og hlíti lögum og reglum.

Það er stefna Arctica að taka aðeins áhættu sem félagið skilur, getur metið og mætt. Árangursrík áhættustjórnun er lykilmáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika í rekstri félagsins. Í áhættustjórnun felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri Arctica og að félagið hafi skilvirkt skipulag til að mæta áhættu og/eða miðla upplýsingum um áhættu til grundvallar upplýstri ákvarðanatöku. Lögð er áhersla á að innan Arctica sé viðhöfð fagleg áhættustjórnun, að starfsmenn þekki og skilji áhættuþætti sem tengjast starfi þeirra og að viðbrögð við áhættu byggji á upplýstri ákvarðanatöku.

Áhættustjórnun og innra eftirlit er samofið daglegri starfsemi Arctica. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á eftirliti og stjórnun á áhættum sem steðja að einingum þeirra. Öflug eftirfylgni með ákvörðunum og vöktun áhættu er hluti innra eftirlits.

Á grundvelli laga og reglna hefur Arctica sett sér ýmsar innri reglur og stefnur sem félaginu ber að gera, þar með talið sem lið í áhættustjórnun, þ. á m. reglur um áhættustýringu, reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaaðreksrum, reglur og stefnu um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, reglur um áreiðanleikakönnun viðskiptavina og reglur um flokkun viðskiptavina. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn félagsins og forstöðumenn einstakra deilda bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa.

Áhættunefnd er starfandi innan Arctica á grundvelli reglna stjórnar félagsins um áhættustýringu og fjallar hún með reglubundnum hætti um málefni tengd innra eftirliti og áhættustjórnun. Áhættunefnd þessi er ekki áhættunefnd í skilningi 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þar sem að Arctica hefur undanþágu frá FME.

Stjórn Arctica hefur gert samning við BDO ehf. um innri endurskoðun félagsins, sem felur í sér að BDO geri árlega innri endurskoðun sem miðast við 16. grein laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og ákvæði leiðbeinandi tilmæla FME nr. 3/2008, um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja, sbr. nr. 2/2011, um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum. BDO skilar niðurstöðum innra eftirlits hverju sinni beint til stjórnar.

5 Stefna um fjölbreytileika

Stjórnarmönnum ber að uppfylla hæfisskilyrði laga og reglna og er það tekið fram í starfsreglum þeim sem stjórn Arctica hefur sett sér. Þannig skal stjórn búa yfir fjölbreyttri reynslu og sameiginlega búa yfir

fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem Arctica stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti, auk þess sem stjórnarmenn verða að vera fjárhagslega sjálfstæðir. Ennfremur skal samsetning stjórnar bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu og að því stefnt að að kynjahlutfall í stjórn séu sem jöfnust. Þá er kveðið á um það í stefnu Arctica um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð að stefnt sé að hafa jafnræði og fjölbreytileika að leiðarljósi, samhliða því sem stefnan sé að jafna stöðu kvenna og karla innan Arctica og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf. Sérstök áhersla er lögð á að jafna hlut kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum. Þá skulu ákvæði laga um kynjahlutfall stjórnar virt.

Arctica hefur að öðru leyti ekki sett sér stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur, enda fellur Arctica ekki undir þá aðila sem skyldir eru til að gera slíkt lögum samkvæmt, umfram það sem að framan getur. Þannig hafa verðbréf Arctica ekki verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað, Arctica fellur ekki undir einingu tengda almannahagsmunum og telst ekki vera stórt félag í skilningi laga um ársreikninga.

Ein dýrmætasta eign sérhvers fjármálafyrirtækis er traust og trúverðugleiki, sem aftur ræðst af siðferði starfsmanna þeirra. Arctica leggur áherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess gagnvart viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu. Þar skipa menntun og faglegur bakgrunnur, fræðsla, þekking, reynsla og færni mikilvægan sess, ásamt siðferðis- og hegðunarreglum félagsins, en niðurstaðan grundvallast þó alltaf á hugarfari viðkomandi. Stjórn og stjórnendur leggja því ríka áherslu á að skapa þá umgjörð og menningu sem líklegust er til að hlúa að og auka siðferði starfsmanna félagsins.

Stjórn Arctica hefur samþykkt siðferðileg viðmið, sem er ætlað að vera grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis innan Arctica. Viðmiðin gilda um samskipti Arctica og starfsmanna þess við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Viðmiðin taka mið af viðmiðum Samtaka fjármálafyrirtækja.

Arctica gerir sér grein fyrir því að fyrirtæki hafa ekki aðeins hagfræðileg áhrif á nærumhverfi sitt, heldur einnig félagsleg áhrif. Því er mikilvægt að félagið hafi ætíð samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi, bæði í innri og ytri athöfnum og gjörðum sínum, jafnt í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavini, starfsmenn, þjónustuaðila og samfélagið í heild. Nánar er fjallað um áhersluatriði Arctica í málefnum er lúta að umhverfi og félagslegum þáttum í sjálfbærnisráðgjöf félagsins.

6 Stjórn, framkvæmdastjórn og undirnefndir

Í stjórn Arctica sitja þrjú aðalmenn og tveir til vara, en þeir eru allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Formaður er kosinn á stjórnarfundi. Í lok febrúar 2023 sagði annar varamanna sig úr varastjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi ásamt lögfræðingi félagsins sem er ritari stjórnar. Stjórn kemur saman að jafnaði sjö til átta sinnum á ári, en oftast ef þurfa þykir. Stjórn Arctica fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórn ber ábyrgð á starfsemi félagsins og stefnumótun og hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi félagsins og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir félagsins og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Stjórn hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri Arctica og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem stjórn setur sér er kveðið nánar á um störf stjórnar.

Í framkvæmdastjórn er einvörðungu framkvæmdastjóri Arctica, en framkvæmdastjóri hefur ennfremur ráðið aðstoðarframkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn, sem jafnframt ákveður starfskjör hans og veitir prókúruumboð. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum

rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs, þ.m.t. forstöðumenn þriggja deilda Arctica auk regluvarðar. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

7 Stjórn Arctica hefur ekki sett á laggirnar undirnefndir, en á grundvelli reglna sem stjórnin hefur sett þá starfa innan Arctica bæði áhættunefnd, sem áður hefur verið getið, og öryggisnefnd. Öryggisnefnd er skipuð starfsmönnum Arctica og starfar samkvæmt öryggisstefnu félagsins. Innan Eignastýringar er svo starfandi fjárfestingaráð, sem starfar á grundvelli starfsreglna sem framkvæmdastjóri hefur sett með vísan til reglna stjórnar Arctica um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. **Skipun nefndarmanna tilnefningarnefndar**

Arctica hefur ekki skipað tilnefningarnefnd.

8 Skipun nefndarmanna í undirnefndir

Engar undirnefndir stjórnar eru starfandi hjá Arctica.

9 Fjöldi funda og mæting

Á starfsárinu voru haldnir sjö stjórnarfundir og mættu aðalmenn á alla fundi. Á núverandi starfsári er áætlað að haldnir verði átta stjórnarfundir.

10 Starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar Arctica má finna á heimasíðu félagsins, www.arctica.is.

11 Stjórnarmenn

María Rúnarsdóttir, (1978) stjórnarformaður, hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun þess árið 2009. María er sjálfstætt starfandi fjárfestir. Áður starfaði María meðal annars sem fjármálastjóri fasteignafélagsins SMI ehf. og Korputorgs ehf., ráðgjafi hjá KPMG Ráðgjöf og sem fjármálastjóri Svar tækni ehf., auk þess að vera einn stofnenda MINT Solutions ehf. María situr í dag í stjórn nokkurra félaga, þ.e. Höfðakór ehf., MRI ehf., SMI Balkan ehf., NMR ehf., Umbra ehf., Uniconta Ísland ehf., EA11 ehf., EA14 ehf., Lækjarkór ehf., Vogakór ehf., Fly Play hf. og MINT Solutions BV. María er með MBA gráðu frá MIT (Massachusetts Institution of Technology) í Bandaríkjunum og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Erlendur Svavarsson, (1972) stjórnarmaður, byrjaði sem varastjórnarmaður árið 2010, en tók sæti í aðalstjórn árið 2013. Erlendur hefur starfað í fluggeiranum frá 1992, þegar hann hóf störf hjá Flugfélaginu Air Atlanta og síðar MD flugfélaginu. Árið 2003 hóf Erlendur störf hjá Loftleiðum Icelandic ehf. Árið 2008 hóf Erlendur störf hjá Icelandair Group sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Síðan 2010 hefur Erlendur verið framkvæmdastjóri hjá Loftleiðum Icelandic. Erlendur hefur setið í stjórnnum ýmissa dótturfyrirtækja Icelandair Group og í dag situr Erlendur í stjórn Leikbreytis ehf. Erlendur er með BA gráðu í rússnesku og hagfræði frá Háskóla Íslands, MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og AMP gráðu frá Harvard Business School.

Þórir Kjartansson, (1969) stjórnarmaður, byrjaði sem varastjórnarmaður árið 2011, en tók sæti í aðalstjórn árið 2012. Þórir er byggingaverkfræðingur frá Háskóla Íslands 1993 og með MBA-gráðu frá IESE. Þórir hefur verið sjálfstætt starfandi fjárfestir frá 2000 í gegnum Íslenska fjárfestingu ehf. sem hann á og rekur í samstarfi við annan mann. Þórir hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum og má þar nefna að Þórir var í stjórn Landspítalans – Háskólasjúkrahúss til nokkurra ára. Þórir situr í

eftirfarandi stjórnur: Íslensk fjárfesting ehf., Sútarinn ehf. RR hótél ehf., Kársnesbyggð ehf., Kársnesbyggð II ehf., Úlfaldi ehf., Kistill ehf., In-Port9 ehf., Sóltún 1 ehf., Öldungur hf., RR fasteignir ehf., RR Fasteignir II ehf., Vinabyggð ehf., Fasteignafélag ÍFJ ehf., Hafnarbyggð ehf., Eignarhaldsfélagið Vinabyggð ehf., Vonzeo fjárfestingar II ehf., AP Almannatengsl ehf., AP Sýningar ehf., ATH fjárfestingar ehf., Sóltún 4 ehf., Sóltún fasteign ehf., Hótel G16A ehf., Íslenskar fasteignir ehf., Rekstrarfélag Íslenskrar fjárfestingar ehf., Eignarhaldsfélagið Kilroy ehf., Sóltún öldrunarþjónusta ehf., Útilíf ehf., TNF Ísland ehf., SK 11 ehf., Grensásvegur 16A ehf., Leitar Capital Partners ehf., Ísfast ehf. og Sóltún heilbrigðisþjónusta ehf.

Gísli Þór Arnarson, (1972) varastjórnarmaður, hefur verið varastjórnarmaður síðan 2012. Gísli Þór er með C.S gráðu í umhverfis- og byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá University of Louisville í Bandaríkjunum. Gísli Þór er í framkvæmdastjórn Samskipa hf. og er framkvæmdastjóri Samskipa innanlands ehf., en var árin 2006 - 2012 forstöðumaður í innflutningsdeild Samskipa. Áður starfaði Gísli Þór í þrjú ár sem viðskiptastjóri í innflutningsdeild Eimskips og önnur þrjú ár þar á undan starfaði Gísli Þór við verkfræði og viðskiptaráðgjöf hjá The Corradino Group. Gísli Þór situr í stjórnnum KASK Flutninga ehf., Landflutningum ehf., Brettasmiðju O.R. ehf., Póstmarkaðinum ehf. og Jónum Transport hf.

12 Óháði stjórnarmanna

Aðal- og varamenn í stjórn Arctica eiga ekki hluti í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Aðal- og varamenn eru jafnframt óháðir Arctica og stórum hluthöfum og hafa engin hagsmunatengsl við stóra hluthafa í Arctica eða helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins fyrir utan hefðbundin bankaviðskipti.

13 Árangursmat stjórnar

Á stjórnarfundi á fyrsta ársfjórðungi lagði stjórn Arctica mat á störf sín, verklag og starfshætti, í samræmi við starfsreglur stjórnar, fyrir starfsárið. Niðurstaða þessa árlega árangursmats var sú að störf stjórnar og yfirstjórnar Arctica hafi að öllu verulegu leyti verið í lagi og að ekkert væri til staðar sem kallaði á aðgerðir af hálfu stjórnar umfram það sem þegar hefði verið gert.

14 Framkvæmdastjóri Arctica

Stefán Þór Bjarnason (1971) hefur verið framkvæmdastjóri Arctica frá stofnun félagsins. Stefán Þór var forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á Íslandi og vann hjá Landsbankanum á árunum 1999 fram til október 2008. Á þessum tíma leiddi Stefán Þór eða tók þátt í flestum af helstu fyrirtækjaráðgjafarverkefnum bankans.

Stefán Þór lauk kandidateisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999, öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2001, og hefur lokið prófi sem löggiltur verðbréfamíðlari bæði á Íslandi og í Bretlandi.

Stefán Þór er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í Arctica Eignarhaldsfélagi ehf. og á 33,50% í því félagi, en það félag á alla hluti utan eins í A-flokki í Arctica, en sá hlutaflokkur fer með allan atkvæðarétt í félaginu. Þá er Stefán Þór varamaður í stjórn Vita fjárfestingafélags ehf., sem er félag í fullri eigu Arctica Eignarhaldsfélags ehf. Auk þessa er Stefán Þór stjórnarmaður í dótturfélögum Arctica, Vita rekstrarfélagi hf. og A/F Rekstraraðila ehf. Þar fyrir utan situr Stefán Þór í stjórnnum Vonzeo fjárfestinga ehf., Var ehf., Debitum ehf. og Eglu ehf., og er varamaður í stjórn Reykjavík Creamery ehf. Stefán Þór hefur engin önnur hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í Arctica.

Arctica hefur enga kaupréttarsamninga gert.

15 Brot á lögum og reglum

Arctica gerðist ekki brotlegt gagnvart lögum eða reglum. Þá hafa engar kvartanir eða athugasemdir borist Arctica frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

16 Samskipti

Stjórnin hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir Arctica og starfsreglur stjórnar. Formaður stjórnar stýrir samskiptum stjórnar við hluthafa. Stjórnarmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni Arctica og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, laga um fjármálafyrirtæki og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda.

Hluthafahópur Arctica er fámennur og hægt um vik að greina hluthöfum frá starfsemi félagsins. Þar fyrir utan birtir Arctica fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu og facebook síðu félagsins og sendir jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar verða á starfsemi félagsins eða ef félagið hefur haft milligöngu um stærri viðskipti.

Á aðalfundum Arctica er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.